



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019

Efni: Frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál.

Tilv. 201911-003

Bændasamtök Íslands fengu drög að frumvarpi til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál, send til umsagnar 22. október sl. og frestur til að skila umsögn var veittur til 5. nóvember. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsdraganna og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin hafa lýst yfir áhyggjum af jarðasöfnun almennt og styðja að málið verði tekið til gagnerrar skoðunar. Samtökin áttu fulltrúa í starfshóp um eignarhald á bújörðum sem skilaði skýrslu um efnið 31. ágúst 2018 og styðja framgang þeirra tillagna sem þar koma fram.¹

Þá telja samtökin þá úrlausn sem lögð er til í frumvarpsdrögunum af ýmsum ástæðum ekki endilega til þess fallna að ná því markmiði eða tilgangi að sporna gegn jarðasöfnun. Eðlilegt væri að skoða álitamálið heildstætt, með hliðsjón af niðurstöðum áðurnefndrar skýrslu, í stað þess að bregðast við með breytingum á hinum ýmsu lagabálkum sem snerta starfsumhverfi bænda.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

¹ Sjá skýrsluna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a53f6e75-c328-11e8-942c-005056bc4d74>